

AFKOMA ARION BANKA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2014

Hagnaður Arion banka á fyrri helmingi ársins 2014 nam 17,4 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 5,9 milljarða króna á sama tímabili 2013. Arðsemi eigin fjár var 23,4% samanborið við 8,9% á sama tímabili árið 2013. Heildareignir námu 949,0 milljörðum króna samanborið við 938,9 milljarða króna í árslok 2013.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 25,6% en var 23,6% í árslok 2013.

Helstu atriði árs hlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 17,4 mö.kr. samanborið við 5,9 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 14,5 mö.kr. samanborið við 4,5 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2013.
- Rekstrartekjur hækka á milli ára og námu 25,7 mö.kr. samanborið við 20,7 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Hækkun hefur átt sér stað í öllum þáttum rekstrarins nema í hreinum vaxtatekjum, mesta hækkunin er í hreinum fjármunatekjum.
- Hreinar vaxtatekjur námu 12,0 mö.kr. samanborið við 12,7 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hreinar þóknatekjur námu 6,6 mö.kr. samanborið við 5,3 ma.kr. á sama tímabili 2013. Aukningin er einkum tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og af starfsemi fjárfestingarbankasviðs.
- Tekju- og bankaskattar námu samtals 3,8 mö.kr. samanborið við 1,9 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 6,5 mö.kr. samanborið við 65 m.kr. tap á sama tíma 2013. Hagnaðurinn er nær eingöngu tilkomin vegna sölu á 18,8% eignarhlut bankans í HB Granda hf.
- Rekstrarkostnaður nam 13,0 mö.kr. samanborið við 12,9 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hrein virðisbreyting er jákvæð á tímabilinu og nemur 2,0 mö.kr. samanborið við 134 m.kr. tekjufærslu á sama tímabili 2013. Virðisaukning útlána til fyrirtækja nemur 2,3 mö.kr. á fyrri helmingi ársins en niðurfærsla útlána til einstaklinga nemur 0,9 mö.kr. Virðisaukning annarra eigna nemur 0,7 mö.kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 23,4% en var 8,9% á sama tímabili 2013.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 2,8% en var 3,1% á sama tíma árið 2013.
- Kostnaðarhlutfall var 50,5% en var 62,4% á sama tímabili 2013.
- Heildareignir námu 949,0 mö.kr., samanborið við 938,9 ma.kr. í árslok 2013.
- Eigið fé bankans var 154,5 ma.kr. en nam 144,9 mö.kr. í lok árs 2013. Bankinn greiddi arð til hluthafa sinna á tímabilinu upp á 7,8 ma.kr.
- Eigninfjárhlutfall nam 25,6% í lok tímabilsins samanborið við 23,6% í árslok 2013.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Afkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins er mjög góð og í takt við okkar væntingar. Grunnrekstur bankans einkennist áfram af stöðugleika og fjárhagslegur styrkur bankans heldur áfram að vaxa. Á undanförunum misserum höfum við unnið að því að auka vægi þóknatekna í heildartekjum bankans og er ánægjulegt að sjá árangur af þeirri vinnu í þessu uppgjöri. Sala bankans



á hlutum í HB Granda hf. setur mark sitt á uppgjörið með jákvæðum hætti. Salan á HB Granda og skráning fyrirtækisins á Aðallista Kauphallarinnar var mikilvægur áfangi fyrir okkur, en einnig var mikilvægt fyrir hlutabréfamarkaðinn á Íslandi að öflugt sjávarútvegsfyrirtæki væri skráð á Aðallista Kauphallarinnar. Góð afkoma á tímabilinu styrkir enn frekar eiginfjárlutfall bankans sem er nú 25,6% sem er vel yfir þeim kröfum sem gerðar eru til bankans. Þá greiddi bankinn eigendum sínum arð á tímabilinu.

Það er sérstakt ánægjuefni að hafa komið að tveimur stórum fjárfestingarverkefnum hér á landi undanfarna mánuði. Um er að ræða verkefni á vegum United Silicon annars vegar og Silicor Materials hins vegar. United Silicon er komið í framkvæmdafasa en Silicor er enn í þróun. Hvort tveggja mjög spennandi verkefni sem auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Þeim fylgja fjöldi nýrra starfa og auknar gjaldeyristekjur til framtíðar. Þessi verkefni kalla á mikla fjárfestingu hér á landi en það hefur háð íslensku efnahagslífi undanfarin ár að fjárfesting hefur verið í sögulegu lágmarki. Það er því ánægjulegt að Arion banki geti með styrk sínum stuðlað að brautargengi þessara verkefna.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	6 mán. '14	6 mán. '13	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	11.966	12.667	(701)	(6%)
Hreinar þóknatekjur	6.593	5.298	1.295	24%
Hreinar fjármunatekjur	3.715	1.544	2.171	141%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	152	(1.248)	1.400	-
Aðrar rekstrartekjur	3.274	2.425	849	35%
Rekstrartekjur	25.700	20.686	5.014	24%
Laun og launatengd gjöld	(7.164)	(6.679)	(485)	7%
Annar rekstrarkostnaður	(5.811)	(6.228)	417	(7%)
Hrein virðisbreyting	2.001	134	1.867	1393%
Hagnaður fyrir skatta	14.726	7.913	6.813	86%
Tekjuskattur	(2.467)	(1.749)	(718)	41%
Bankaskattur	(1.375)	(188)	(1.187)	631%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	10.884	5.976	4.908	82%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	6.525	(65)	6.590	-
Hagnaður tímabilsins	17.409	5.911	11.498	195%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækka talsvert á milli ára eða um 5.014 milljónir króna. Rekstrartekjur námu 25.700 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2014, samanborið við 20.686 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Hækkunin er einkum tilkomin vegna 2.171 milljóna króna hækkunar á hreinum fjármunatekjum, 1.400 milljóna króna viðsnúningi á hreinum gengishagnaði og 1.295 milljóna króna hækkunar á hreinum þóknatekjum.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 11.966 milljónum króna, samanborið við 12.667 milljónir króna á sama tíma 2013. Lækkunin milli ára er um 700 milljónir króna og skýrist einkum af lægri verðbólgu en var á fyrri helmingi ársins 2013. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,8% á tímabilinu en var 3,1% á sama tíma 2013.

Hreinar þóknatekjur aukast um 24% milli ára og námu 6.593 milljónum króna samanborið við 5.298 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2013. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og vegna aukinna umsvifa á fjárfestingarbankasviði.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu mikið milli ára og námu 3.715 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2014 samanborið við 1.544 milljónir króna á sama tímabili 2013. Afkoma af hlutabréfa- og skuldabréfaeign nam 3.877 milljónum króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 1.660 milljónir króna á sama tímabili 2013. Mestu munar þar um uppreikning á eignarhlut í HB Granda hf. en félagið var skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland í apríl 2014. Að HB Granda hf. undanskyldum hafa markaðsaðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði á tímabilinu haft neikvæð áhrif á hlutabréfa- og skuldabréfaeign samstæðunnar. Arðstekjur voru ríflega 600 milljónum króna hærri á fyrri helmingi ársins 2014 en á sama tíma 2013.

Hreinn gengishagnaður nam 152 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.248 milljóna króna gengistap á sama tíma 2013. Hreinn gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar nam 16,2 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Nettó gjaldeyrisjöfnuður var 31,6 milljarðar króna í árslok 2013 en bankinn hefur unnið markvisst að lækkun á hreinni gjaldeyrisstöðu sinni. Gjaldyrisjöfnuður móðurfélagsins er langt innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.



Aðrar rekstrartekjur námu 3.274 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.425 milljónir króna á sama tíma 2013. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta ehf. og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum hf., en öll þessi félög eru dótturfélög bankans. Hækkun frá fyrra ári skýrist einkum af hærri matsbreytingum á fjárfestingareignum og söluhagnaði af eignarhlut bankans í Landfestum ehf.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður fyrstu sex mánaða ársins 2014 nam samtals 12.975 milljónum króna og hefur lækkað lítillega frá sama tímabili árið 2013. Kostnaðarhlutfall lækkar í 50,5% en var 62,4% á sama tíma árið 2013. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,9% samanborið við 2,8% á sama tíma 2013.

Laun og launatengd gjöld námu 7.164 milljónum króna samanborið við 6.679 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Hluti hækkunarinnar kemur til af samningsbundnum hækkunum upp á 2,8% og áætluðum kostnaði af kaupaukakerfi sem ekki var til staðar á sama tímabili 2013. Stöðugildi á tímabilinu voru að meðaltali 1.133 samanborið við 1.177 á sama tíma árið 2013.

Annar rekstrarkostnaður nam 5.811 milljónum króna samanborið við 6.228 milljónir króna á sama tímabili á árinu 2013. Lækkunin nemur 417 milljónum króna og skýrist að stórum hluta af gjaldfærslu sektar frá Samkeppniseftirlitinu hjá dótturfélaginu Valitor hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013. Annar rekstrarkostnaður er í takt við væntingar á tímabilinu.

Hrein virðisbreyting nam 2.001 milljónum króna og skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina virðishækkun á lánum upp á 2.253 milljónir króna, sem einkum er vegna lána til stærri fyrirtækja. Í öðru lagi er hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga 935 milljónir króna á tímabilinu. Í þriðja lagi er hrein virðishækkun annarra eigna 683 milljónir króna.

Skattar

Tekjuskattur nam 2.467 milljónum króna samanborið við 1.749 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 16,8% fyrir fyrri helming 2014 samanborið við 22,1% á sama tíma árið 2013.

Bankaskattur nam 1.375 milljónum króna samanborið við 188 milljónir króna á sama tíma árið 2013. Skatthlutfallið hækkaði úr 0,041% í 0,376% í árslok 2013.

Afkoma af aflagðri starfsemi

Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 6.525 milljónum króna samanborið við 65 milljóna króna tap á sama tímabili árið 2013. Í apríl sl. seldi bankinn 18,8% hlut í HB Granda hf., en bankinn átti fyrir sölu 31% hlut, og er stærstur hluti þessa hagnaðar tilkominn af þeirri sölu. Í kjölfar sölunnar og skráningar félagsins á markað var eignarhlutur bankans fluttur undir verðbréfaeign og tekur hann verðbreytingum í samræmi við skráð gengi. Þær virðisbreytingar flokkast undir hreinar fjármunatekjur í rekstrarreikningi.



Annar ársfjórðungur 2014

Afkoma annars ársfjórðungs 2014 var mjög góð, þar sem sala og skráning á hlutabréfum HB Granda hf. hafði veruleg áhrif. Arðsemi eigin fjár var 38,4% samanborið við 13,4% arðsemi á öðrum ársfjórðungi 2013.

Rekstrarreikningur

Í milljónum króna	2. fjórð. '14	2. fjórð. '13	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	6.483	6.379	104	2%
Hreinar þóknatekjur	3.445	2.849	596	21%
Hreinar fjármunatekjur	3.811	974	2.837	291%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	628	149	479	321%
Aðrar rekstrartekjur	2.356	1.249	1.107	89%
Rekstrartekjur	16.723	11.600	5.123	44%
Laun og launatengd gjöld	(3.714)	(3.357)	(357)	11%
Annar rekstrarkostnaður	(3.064)	(2.951)	(113)	4%
Hrein virðisbreyting	34	456	(422)	(93%)
Hagnaður fyrir skatta	9.979	5.748	4.231	74%
Tekjuskattur	(1.152)	(1.163)	11	(1%)
Bankaskattur	(715)	(97)	(618)	637%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	8.112	4.488	3.624	81%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	6.433	14	6.419	45850%
Hagnaður tímabilsins	14.545	4.502	10.043	223%

Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi hækka verulega milli ára eða um 44%. Hækkunin er í öllum liðum rekstrartekna en mesta hækkunin liggur í hreinum fjármunatekjum, þar sem hækkun á markaðsvirði eignarhluta bankans í HB Granda hf. vegur þungt.

Rekstrarkostnaður er í heild nokkru hærri á öðrum ársfjórðungi 2014 samanborið við annan ársfjórðung 2013 og er það að mestu tengt hækkun launakostnaðar m.a. vegna nýs kaupaukakerfis í bankanum sem og samningsbundinna hækkana launa.

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi eru verulegar á fjórðungnum og tengjast nær alfarið sölu á 18,8% eignarhlut bankans í HB Granda hf. í apríl.



Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir


Í milljónum króna	30.06.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.06.2013	Breyt.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	17.361	37.999	(54%)	25.717	(32%)
Lán og kröfur til lánastofnana	139.838	102.307	37%	109.732	27%
Lán og kröfur til viðskiptavina	637.085	635.774	0%	567.257	12%
Verðbréfaeign	99.271	86.541	15%	153.771	(35%)
Fjárfestingareignir	6.020	28.523	(79%)	28.911	(79%)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	25.128	17.929	40%	14.424	74%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	4.329	10.046	(57%)	10.086	(57%)
Aðrar eignir	19.961	19.731	1%	19.132	4%
Eignir samtals	948.993	938.850	1%	929.030	2%

Heildareignir samstæðu Arion banka námu 948.993 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 938.850 milljónir króna í árslok 2013. Breytingar á einstökum eignaflokkum á tímabilinu eru einkum vegna breytinga í lausafjárstýringu bankans sem birtist í lægri innstæðum hjá Seðlabanka, hækkun á lánum og kröfum hjá lánastofnunum og aukinni verðbréfaeign.


Lán til viðskiptavina

Lán til viðskiptavina námu 637.085 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 635.774 milljónir króna í lok árs 2013. Frá árinu 2010 hefur samsetning lánabókar samstæðunnar breyst mikið. Á það bæði við um skiptingu milli lána til einstaklinga og fyrirtækja og einnig samsetningu eftir því hvort lánin eru verðtryggð, óverðtryggð eða í erlendum myntum. Á meðfylgjandi myndum má sjá þessa þróun, sem litast verulega af tveimur atburðum. Í fyrsta lagi af kaupum bankans á Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund, sem var íbúðalánasjóður Kaupþings, í árslok 2011 og í annan stað af uppgjöri á Dróma skuldabréfi, þar sem bankinn eignaðist einstaklingslán að virði ríflega 50 milljarða króna í árslok 2013. Hlutfall einstaklingslána er komið upp undir 50% af lánasafni bankans til viðskiptavina og er það í samræmi við markmið bankans. Íbúðarlán eru stór hluti af lánum til einstaklinga og umtalsverður hluti þeirra eru mjög góð áhættulítillán með góða veðstöðu. Fjárhæð útlána til fyrirtækja hefur verið mjög stöðug, allt frá árinu 2010, þó að miklar hreyfingar hafi átt sér stað í lánasafninu með uppgreiðslum og nýjum lánum til fyrirtækja.

Þróun útlána (ma.kr.)



Lán eftir tegundum (ma.kr.)





Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 99.271 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 86.541 milljónir króna í lok árs 2013.

Verðbréfaeign

Í milljörðum króna	30.06.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.06.2013	Breyt.%
Skuldabréf	66.227	62.171	7%	132.744	(50%)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	24.000	17.449	38%	16.735	43%
Afleiðusamningar	1.298	1.070	21%	832	56%
Verðbréf til áhættuvarna	7.746	5.851	32%	3.460	124%
Verðbréf samtals	99.271	86.541	15%	153.771	(35%)

Hækkunin er einkum tilkomin vegna breytinga í lausafjárstyringu bankans á tímabilinu og viðbót í hlutabréfastöðu vegna skráningar og endurflokkunar á eignarhlut HB Granda hf. í bókum bankans.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 4.329 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 10.046 milljónir króna í lok árs 2013. Helstu eignir undir þessum flokki eru nú nær eingöngu fasteignir. Lækkun frá árslokum 2013 er tilkomin vegna breytinga á eignarhlut í HB Granda hf., en bankinn átti 31% hlut í félaginu í árslok 2013. Í apríl seldi bankinn 18,8% hlut í félaginu í tengslum við skráningu þess á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland. Eignarhlutur bankans í lok júní er færður meðal fjárfestingareigna.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé

Í milljónum króna	30.06.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.06.2013	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	29.277	28.000	5%	25.727	14%
Innlán frá viðskiptavinum	474.229	471.866	1%	466.834	2%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	568	567	0%	614	(7%)
Fjárskuldir á gangvirði	7.646	8.960	(15%)	10.005	(24%)
Aðrar skuldir	51.659	48.024	8%	53.459	(3%)
Lántaka	199.882	204.568	(2%)	203.100	(2%)
Víkjandi lántaka	31.189	31.918	(2%)	32.503	(4%)
Eigið fé	154.543	144.947	7%	136.788	13%
Skuldir og eigið fé samtals	948.993	938.850	1%	929.030	2%

Heildarskuldir námu 794.450 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 793.903 milljónir króna í árslok 2013.

Innlán

Heildarinnlán námu 503.506 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 499.866 milljónir króna í árslok 2013. Bankanum hefur tekist að halda sínum hlut í heildarinnstæðum á markaði í virku samkeppnisumhverfi.

Lántaka



Lántaka bankans nam 199.882 milljónum króna samanborið við 204.568 milljónir króna í lok árs 2013. Lækkunin er einkum tilkomin vegna sölu á fasteignafélaginu Landfestum ehf. út úr samstæðu bankans en Landfestar eru með skráða útgáfu upp á tæpa 3 milljarða króna. Snemma á árinu 2014 fékk bankinn lánshæfiseinkunn frá alþjóðlega lánshæfisfyrirtækinu Standard & Poor's, fyrstur íslenskra banka í ríflega fimm ár. Einkunnin er BB+ og mun þetta lánshæfismat auka möguleika bankans á lánsfjármörkuðum á næstu misserum, bæði innanlands og utan.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 31.189 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 31.918 milljónir króna í árslok 2013. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 154.543 milljónum króna í lok júní 2014 samanborið við 144.947 milljónir króna í lok árs 2013. Á öðrum ársfjórðungi greiddi bankinn út arð til hluthafa og nam arðgreiðslan 7.811 milljónum króna. Önnur breyting eigin fjár skýrist af afkomu tímabilsins. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 25,6% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.

Kennitöluyfirlit

Kennitölur	6 mán. '14	2013	6 mán. '13
Arðsemi eigin fjár	23,4%	9,2%	8,9%
Arðsemi eigna	3,7%	1,4%	1,3%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,8%	2,9%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,5%	2,6%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	50,5%	57,3%	62,4%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,9%	2,8%	2,8%
Virkur tekjuskattur	16,8%	17,2%	22,1%
CAD hlutfall (Eiginfjárhlutfall FME)	25,6%	23,6%	24,3%
Tier 1 hlutfall	21,1%	19,2%	19,5%
Vandræðalán	5,4%	6,3%	8,5%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	73,9%	76,8%	72,2%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	134,3%	134,7%	121,5%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.133	1.159	1.177
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.118	1.145	1.153
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	900	923	939
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	887	911	918

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 3F 2014 20. nóvember 2014
 Ársuppgjör 2014 25. febrúar 2015



Aðalfundur 2015	19. mars 2015
Árshlutauppgjör 1F 2015	20. maí 2015
Árshlutauppgjör 2F 2015	26. ágúst 2015
Árshlutauppgjör 3F 2015	18. nóvember 2015

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.